

Jóhanna Einarsdóttir

„Mér finnst það bara svo skemmtilegt“

Þróunarverkefni í leikskólanum Hofi um þátttöku
barna í mati á leikskólastarfi



Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
2005

© Jóhanna Einarsdóttir, dósent við KHÍ
„Mér finnst það bara svo skemmtilegt“
Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
ISBN 9979-793-00-7

Ágrip

Markmiðið með þróunarverkefninu sem greint verður frá í þessari skýrslu var að vinna með viðhorf leikskólakennara til barna og þátttöku þeirra og ákvörðunartöku í leikskólanum og leita leiða til að hlusta á viðhorf barna til leikskólastarfs. Verkefnið var unnið í leikskólanum Hofi á árunum 2003-2005. Aðalþátttakendurnir í verkefninu voru 25 börn á aldrinum tveggja til sex ára auk 12 starfsmanna. Kennararnir sem tóku þátt í verkefninu voru: Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri, Særún Ármannsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennararnir Gróa Sigurðardóttir, Kristín Sigurðardóttir, Sigríður Brynjarsdóttir, Brynhildur Axelsdóttir, Hrefna Bára Guðmundsdóttir, Lilja Björk Kristinsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Stella Marteinsdóttir, Hildur Einarsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir Sigríður Sturludóttir og Merlita M. Guðlaugsson grunnskólakennari. Verkefnastjóri var Jóhanna Einarsdóttir dósent við Kennaraháskóla Íslands. Undirbúningur verkefnisins tók eitt skólaár og fólst í því að lesa, ræða og prófa aðferðir og leiðir til að nota með börnunum við mat þeirra á leikskólastarfinu. Á einu og hálfu skólaári var síðan unnið með þær aðferðir sem mótaðar höfðu verið og gögnum safnað um mat þeirra 25 barna sem voru þátttakendur í verkefninu. Jafnframt var unnið úr gögnum og niðurstöður ræddar og ígrundaðar. Niðurstöðurnar sýna að ólíkum börnum henta ólíkar aðferðir við að tjá sjónarmið sín og börnum á ólíkum aldri henta mismunandi aðferðir. Verkefnið var unnið með styrk frá Þróunarsjóði leikskóla Reykjavíkur og Þróunarsjóði leikskóla.


Efnisyfirlit

INNGANGUR	7
FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR	8
<i>Sjónarmið barna</i>	<i>8</i>
<i>Mat á leikskólastarfi</i>	<i>9</i>
AÐFERÐ	13
NIÐURSTÖÐUR – AÐFERÐIR.....	16
<i>Flokkun valmynda.....</i>	<i>16</i>
<i>Spurningaspil.....</i>	<i>19</i>
<i>Val barnanna</i>	<i>26</i>
<i>Ljósmyndir</i>	<i>28</i>
<i>Ljósmyndir á einnota myndavélar</i>	<i>28</i>
<i>Ljósmyndir á stafræna myndavél.....</i>	<i>35</i>
<i>Ljósmyndir með yngstu leikskólabörnunum.....</i>	<i>41</i>
<i>Viðtöl við börnin</i>	<i>46</i>
<i>Teikningar barnanna</i>	<i>52</i>
<i>Mat foreldra á liðan barnanna í leikskólanum</i>	<i>55</i>
UMRÆÐA OG MAT Á VERKEFNINU	56
HEIMILDIR.....	59
FYLGISKJÖL.....	61

Inngangur

Þróunarverkefnið í leikskólanum Hofi hófst haustið 2003 og lauk formlega haustið 2005. Markmiðið með þróunarverkefninu var þríþætt. Í fyrsta lagi að starfsfólkið skoðaði og ynni með viðhorf sín til barna, getu þeirra og hæfni. Í öðru lagi að leita leiða til að börnin geti haft áhrif á leikskólastarfið og þróa aðferðir sem hægt væri að nota með börnum til að meta leikskólastarfið. Í þriðja lagi að öðlast skilning á því hvað börnum finnst um leikskólastarfið. Þessi vitneskja er síðan sá grunnur sem starfsfólkið byggir starf sitt á (mynd 1).

Mynd 1. Markmið



Í reglugerð um starfsemi leikskóla (*Reglugerð um starfsemi leikskóla no. 225/1995* 1995) er kveðið á um innra og ytra mat leikskóla. Þar segir í 24. grein að hver leikskóli skuli gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum innra gæðamats í árskýrslu og í 25. grein kemur fram að menntamálaráðuneytið skuli láta fara fram mat á a.m.k. einum leikskóla árlega. Í Aðalnámskrá leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1999) er einnig fjallað um ytra og innra mat og að hver leikskóli skuli móta aðferðir

til að meta starfið auk þess sem utanaðkomandi aðilar geri úttekt á starfsemi leikskólans.

Í þessu þróunarverkefni var leitast við að skoða hvernig hægt er að bregðast við þeim kröfum sem gerðar eru um innra mat leikskóla með því að fara þá leið að leita álits barnanna sem sækja leikskólann.

Fræðilegur bakgrunnur

Sjónarmið barna

Á undanförunum árum hefur sú umræða færst í vöxt að hlusta þurfi á börn þegar teknar eru ákvarðanir um málefni sem þau varða og að börn þurfi að hafa færi á að móta líf sitt með því að taka ákvarðanir um sín mál. Segja má að undirstaða þessarar umræðu sé Barnasáttmálinn eða Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1997). Samningurinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989, var undirritaður af Íslands hálfu 1990 og öðlaðist gildi í nóvember 1992.

Í 12. grein sáttmálans, 1. lið segir:

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1997).

Önnur ástæðan fyrir því að á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á að hlusta á börn og hvetja þau til þátttöku í ákvarðanatöku er sú sýn á börn sem í auknum mæli er nú sett fram af ýmsum kennismiðum og kynnt í fagbókum, þar sem litið er á börn sem sterk og hæf með eigin sjónarhorn á hlutina. Þriðja ástæðan fyrir því að hlusta á börn og hafa þau með í ákvarðanatöku er að börn eru talin hafa hæfni og getu til þess að gefa gagnlegar og áreiðanlegar upplýsingar ef notaðar eru réttar aðferðir (Alderson, 2000; Jóhanna Einarsdóttir, 2003).

Í verkefninu er haft að leiðarljósi að það sé hluti af því að mennta börn til að vera þegnar í lýðræðisþjóðfélagi að þau geti sagt hvað þeim finnst og að það sé hlustað á þau og þau taki þannig þátt í að móta leikskólastarfið. Í kafla um lífsleikni í Aðalnámskrá leikskóla er gefið til kynna að börn skuli koma að ákvörðunartöku

og mati í leikskólanum, þó er ekki kveðið nánar á um þetta í námskránni þegar fjallað er um mat á leikskólastarfi í sérstökum kafla. Á bls. 16 kemur kemur eftirfarandi fram:

Í leikskóla á að kenna barni lýðræðisleg vinnubrögð. Það skal taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati. Ræða þarf við barnið um ýmis áform sem varða það og um áhugamál þess. Það þarf að finna að tillit sé tekið til óska þess og álits (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 16)

Rannsóknir þar sem leitað er eftir hugmyndum barna um leikskólastarf benda til þess að börn hafi skoðanir á því hvernig þau vilja hafa skólann og að þau gefi raunsanna mynd af starfinu. Sem dæmi má nefna rannsókn Dupree, Bertram og Pascal (2001) í Bretlandi, Sheridan og Pramling Samuelsson (2001) í Svíþjóð, Tauriainen (2000) í Finnlandi og Wiltz og Klein (2001) í Bandaríkjunum og rannsóknir Jóhönnu Einarsdóttur (2003; 2005) hér á Íslandi.

Mat á leikskólastarfi

Leikskólastarf hefur venjulega verið metið út frá sjónarhóli fullorðinna. Ákveðnir þættir í umhverfi og skipulagi eru athugaðir og skoðaðir með augum þeirra. Bandaríski menntunarfræðingurinn Lilian Katz (1999) er meðal þeirra sem hafa gagnrýnt þetta og hefur hún kynnt fimm ólík sjónarhorn við mat á gæðum skólastarfs. Sjónarhorn fullorðinna, barna, foreldra, starfsfólks og samfélagsins.

1. Í fyrsta lagi eru einkenni starfsins metin út frá þeim fullorðnu sem bera ábyrgð á leikskólanum. Þetta kallar Katz top-down líkanið eða „*frá hinu stóra til hins smáa*” (top-down perspective).
2. Önnur aðferð er að meta starfið út frá sjónarhóli foreldra með því að reyna að komast að því hvaða sýn foreldrar hafa á leikskólastarfið. Þetta kallar hún „*frá hinu ytra til hins innra*“ (outside-inside perspective).
3. Þriðja sjónarhornið er mat starfsfólksins, „innanverða sjónarhornið“ eða „*innra sjónarhorn*“ (inside perspective).
4. Fjórða sjónarhornið er mat samfélagsins, „*ytra sjónarhorn*“ (outside perspective). Þar er einkum átt við hvernig samfélagið sér um uppeldi og menntun barna og hvernig búið er að skólunum og starfsfólki þeirra.
5. Fimmta aðferðin er að skoða leikskólastarf með augum barnanna eða „*frá hinu smáa til hins stóra*“ (bottom-up perspective). Leitað er eftir hvernig börnum

líður í leikskólanum, hvað þeim finnst um skólastarfið, hvernig þau eru viðurkennd og þátttöku þeirra í skólastarfinu.

Mósaík leiðin

Á síðustu árum hefur áhugi á því að skoða skólastarf út frá sjónarhóli barna aukist. Í Bretlandi hefur t.d. verið þróuð svo kölluð mósaík leið þar sem lögð er áhersla á að fá fram skoðanir barna við mat á leikskólastarfi (Clark, 2005; Clark & Moss, 2001; 2005). Þessi leið byggist á rannsóknarverkefni sem unnið var í breskum leikskólum og byggir á eftirfarandi sex þáttum:

1. Viðurkennt er að börn hafi „hundrað mál“ og því eru notaðar fjölbreyttar aðferðir við matið. Lögð er áhersla á að nota þær aðferðir sem henta börnum best. Margar aðferðir hafa því verið settar saman til þess að fá hugmyndir barna og reynslu af því að vera í leikskóla.
2. Litið er á börn sem virka þátttakendur og endurskapendur þekkingar og sérfræðinga í eigin lífi. Með því að viðurkenna hæfileika barna geta hinir fullorðnu ígrundað þeirra eigin takmarkaða skilning á lífi barna. Lögð er áhersla á að hlusta á börn fremur en gera ráð fyrir að svörin séu fyrirfram þekkt.
3. Leiðin felur í sér að börn, starfsfólk og foreldrar skiptast á skoðunum.
4. Leiðin er sveigjanleg og gert er ráð fyrir að hægt sé að nota hana á ólíkum stöðum og við ólíkar aðstæður, í ólíkum leikskólum.
5. Gengið er út frá reynslu barnanna og lögð áhersla á skilning og túlkun. Sjónarhorninu er sem sagt beint að reynslu barnanna í stað þeirrar þekkingar sem aflað er.
6. Lögð er áhersla á að bæði sé hægt að nota leiðina sem matstæki og jafnframt að hún sé felld inn í daglegt starf leikskólans.

Aðferðirnar

Í mósaík leiðinni eru gerðar athuganir á börnum og tekin við þau viðtöl, en einnig eru notaðar nýstárlegri aðferðir svo sem að fá börnin til að skrá reynslu sína með því að taka ljósmyndir, teikna kort og vera leiðsögumenn. Þetta eru í raun margar aðferðir sem settar eru saman eins og mósaík og mynda eina heild. Leiðin felur í sér eftirfarandi aðferðir:

Athuganir

Athuganir eru fyrsta verkfærið. Lögð er áhersla á að hinir fullorðnu hægi á sér og horfi á hvernig börn eyða tímanum í leikskólanum. Markmiðið er að gera líf barnanna sýnilegra. Mikilvægt er talið að nota þessa hefðbundnu aðferð með öðrum aðferðum. Hugað er bæði að því sem börnin segja og líka því sem þau gera. Sérstaklega er þetta talið mikilvægt með lítil börn. Lögð er áhersla á að byggja athuganirnar á þessum spurningum: Hvernig er að vera hér? Hlustar þú á mig?

Barnafundir

Samtöl og viðtöl við börn eru mikilvægur þáttur mósaík leiðarinnar. Formlegt skipulag er notað til að tala við börn um leikskólann. Hægt er að hugsa sér viðtal byggt á spurningum um lykilatriði eins og hvers vegna börn koma í leikskólann, hlutverk fullorðinna, uppáhaldsiðju, uppáhaldsstað og uppáhaldsfólk, leiðinlegustu viðfangsefnið, erfiðustu hlutina og verstu staðina. Viðtalið endar gjarnan á opinni spurningu til að gefa börnunum tækifæri til að koma með fleiri þætti sem þeim finnst mikilvægir.

Ljósmyndir

Ljósmyndun höfðar yfirleitt til barna og þeim finnst gaman að taka myndir. Þetta gefur þeim tækifæri til að skýra frá á annan hátt og gefur fullorðnum nýja aðferð til að hlusta. Í mósaík leiðinni fá börnin einnota myndavélar og taka myndir af því sem þeim finnst mikilvægt. Börnin njóta þess að taka myndir og skoða niðurstöðurnar. Þau geta deilt niðurstöðunum með vinum, systkinum og fullorðnum. Þarna er um að ræða nýtt tungumál fyrir börnin sem þau geta notað til að láta í ljósi tilfinningar sínar og upplýsingar „gegnum þögla rödd myndavélarinnar“. Einnig eru eldri börnin (3–4 ára) beðin um að taka myndir af starfi litlu barnanna. Sýn þessara barna á líf litlu barnanna sést í því hvað þau kjósa að mynda.

Ferðir

Ferðir sem er stjórnað af börnum eru ein leið til að hlusta á börn. Farið er um leikskólann og barnið er leiðsögumaðurinn. Börnin rannsaka leikskólann og ákveða hvernig best er að skrá niður upplýsingarnar. Þau taka myndir, teikna, nota segulband. Þessi aðferð hefur verið notuð í öðrum rannsóknum, þ.e. fá einhvern sem býr á staðnum og þekkir vel til, til að fara um svæðið, sýna, segja frá og ræða. Þarna er farið burtu frá viðtalsaðstæðum og börnin leiða hinn fullorðna um svæði sem þau þekkja.

Kortlagning

Kortlagning er ein leið til að fá upplýsingar frá börnum. Kortagerðin tengist ferðunum og myndunum sem þau hafa tekið. Þau velja staði sem þau vilja sýna á kortinu sínu og þau ræða um það hvers vegna þetta eða hitt á að vera með. Umræðuna sem fram fer á meðan verið er að gera kortið er hægt að taka upp á segulband og hlusta á síðar.

Foreldrar og starfsfólk

Í mósaík leiðinni er lögð áhersla á að hlusta á börn án þess að gera lítið úr sjónarmiðum fullorðna fólksins sem ber ábyrgð á velferð þeirra. Annað stig leiðarinnar felur því í sér að hlusta á sjónarmið fullorðinna. Tekin eru viðtöl við foreldra og starfsfólk. Áhersla er lögð á að heyra hvaða hugmyndir foreldrarnir hafa um daglegt líf barnsins í leikskólanum. Hvernig þeir sjá tengslin við það sem börnin eru að gera heima og það sem þau gera í leikskólanum. Einnig er lögð áhersla á að heyra þeirra skoðanir og túlkningar á áhuga barnanna, tilfinningum og þörfum.

Aðferð

Öll börnin í leikskólanum og allt starfsfólkið tók þátt í þróunarverkefninu, en formlegir þátttakendur voru 25 börn og 12 kennarar (11 leikskólakennarar og einn grunnskólakennari) sem skipuðu framkvæmdahóp ásamt verkefnastjóra. Ákveðið var hversu mörg börn í hverjum aldurshópi yrðu í úrtakshópnum og síðan var valið af handahófi úr hverjum aldurshópi. Í hópnum voru fjögur 2 ára börn, átta 3 ára börn, sex 4 ára börn og sjö 5 ára börn.


Skólaárið 2003–2004 fór undirbúningur verkefnisins fram. Um haustið hélt verkefnastjóri námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans og í kjölfarið var skipaður tólf manna framkvæmdahópur sem ásamt verkefnastjóra skipulagði vinnuna. Framkvæmdahópurinn myndaði leshring sem m.a. las og ræddi um aðferðir við mat barna á leikskólastarfi. Þar var lögð til grundvallar breska bókin *The Mosaic Approach* eftir Alison Clark og Peter Moss (Clark og Moss, 2001). Einnig kynnti hópurinn sér efni um aðferðir við þróunarstarf, m.a. var bók Guðrúnar Kristinsdóttur *Ótroðnar slóðir* (Guðrún Kristinsdóttir, 1998) lesin og rædd. Meðlimir hópsins skiptu einnig með sér verkum og lásu um þróunarverkefni sem unnin hafa verið í íslenskum leikskólum og erlendar greinar sem tengdust viðfangsefninu. Eftir áramót var farið í að forprófa ýmsar aðferðir til að nota í verkefninu. Framkvæmdahópurinn hittist þá mánaðarlega ásamt verkefnastjóra og greindi frá þeim aðferðum sem þeir voru að prófa sig áfram með, ígrunduðu og lögðu mat á hvernig til tókst.

Haustið 2004 gerði framkvæmdahópur ásamt verkefnastjóra framkvæmdaáætlun fyrir veturinn og í kjölfarið var starfsdagur í byrjun október helgaður verkefninu. Þar var farið yfir með öllu starfsfólkinu hver tilgangur þróunarverkefnisins væri, hvað gert hafði verið árið áður og að hverju væri stefnt. Skólaárið 2004–2005 voru aðferðirnar notaðar og niðurstöður skráðar. Eins og árið áður hittist framkvæmdahópurinn reglulega ásamt verkefnastjóra, ræddi um aðferðirnar og hvernig börnin höfðu brugðist við þeim og metið leikskólastarfið. Haustið 2005 vann verkefnastjóri úr þeim gögnum sem safnast höfðu, framkvæmdahópurinn ræddi niðurstöðurnar jafnóðum, ígrundaði, túlkaði og lagði sitt mat á þær. Í lok þróunarverkefnisins lagði verkefnastjóri stuttan spurningalista fyrir kennarana þar sem þeir voru beðnir að meta hvernig þeim fannst til hafa tekist

með verkefnið, hvað þeir töldu að gert hafi verið rétt og hvað rangt, hvernig þeim fannst vinnan hafa skilað sér og hvað þeir sæju sem næstu skref.

Á undirbúningsstigi þróunarverkefnisins prófuðu starfsmenn leikskólans ýmsar aðferðir til að láta börnin meta leikskólastarfið, m.a. þær aðferðir sem kynntar eru í mósáík leiðinni. Þær aðferðir sem þá voru prófaðar voru; spurningaspil, skráning á vali, börnin sem leiðsögumenn, leikskólaleikur, teikningar barnanna, ljósmyndir barnanna, viðtöl við börn og foreldra. Aðferðirnar voru ræddar og próaðar og oft á tíðum aðlagðar og þeim breytt að verulegu leyti. Þá var tekin ákvörðun um hvaða aðferðir hefðu reynst það vel eða væru það athyglisverðar að æskilegt væri að vinna áfram með þær. Aðferðirnar sem ákveðið var að þróa og nota áfram í verkefninu koma fram á mynd 2. Aðferðirnar voru prófaðar og niðurstöður skráðar fyrir þau þau 25 börn sem voru formlegir þátttakendur í verkefninu. Ástæða þess að ákveðið var að hafa einungis hluta barnahópsins með í þessu var sú mikla vinna sem fylgir því að skrá nákvæmlega ferli og niðurstöður fyrir svo margar aðferðir. Til að öðlast skilning á því hvað börnunum fannst um leikskólastarfið, voru teknar saman fyrir hvert þessara barna niðurstöður úr sérhverri þessara aðferða. Þannig fékkst heildarmynd af mati barnsins á leikskólastarfinu. Útbúið var skema fyrir hvert barn þar sem niðurstöður úr hverri aðferð voru skráðar (sjá fylgiskjal 1). Þannig var hægt að skoða hvernig barnið mat leikskólastarfið með hverri aðferð fyrir sig og taka saman heildarmat barnsins. Einnig voru niðurstöður úr hverri aðferð teknar saman fyrir öll börnin.

Mynd 2. Aðferðir



Niðurstöður – Aðferðir

Hér á eftir verður lýst þeim aðferðum sem notaðar voru og gerð grein fyrir niðurstöðum fyrir barnahópinn í heild sinni. Einnig verður gerð grein fyrir mati leikskólakennaranna og verkefnastjóra á aðferðunum og notkunargildi þeirra.


Flokkun valmynda

Þegar börnin í leikskólanum Hofi velja sér viðfangsefni nota þau myndir af viðfangsefnunum til að gefa til kynna hvað þau vilja gera. Valmyndirnar sem til eru í leikskólanum voru notaðar til að ræða við börnin um það sem þeim finnst skemmtilegt og leiðinlegt í leikskólanum. Myndirnar voru skoðaðar með hverju barni og það beðið um að flokka þær eftir hvort því fannst leiðinlegt eða skemmtilegt að gera það sem er á myndunum. Börnin flokkuðu myndirnar í tvær körfur sem voru hvor í sínum lit. Í aðra körfuna fór það sem er skemmtilegt og í hina það sem þeim fannst leiðinlegt að gera. Skráð var niður á þar til gert blað hvernig hvert barn flokkaði myndirnar og síðan var tekið saman fyrir allan hópinn það sem flestir nefndu sem skemmtilegt og leiðinlegt (fylgiskjal 2).


Leikskólakennararnir í framkvæmdahópnum voru sammála um að þetta væri einföld og góð leið til að ræða við börnin um skoðanir þeirra á leikskólastarfinu og töldu þetta vera leið sem þeir myndu nota fyrir einstaka börn í framtíðinni. Skilningur barnanna á hugtökunum skemmtilegt og leiðinlegt virtist þó ekki alltaf vera sá sami og fullorðinna og má nefna dæmi um að oft flokkuðu börnin sem leiðinlegt hluti sem þau þekktu ekki og höfðu ekki reynslu af að gera.

Þegar farið var að taka saman hvað barnahópurinn flokkaði sem skemmtilegt og leiðinlegt var farin sú leið að taka saman lík viðfangsefni. Til dæmis voru allir kubbar settir saman í flokk og öll spil sett saman. Saman í flokk voru einnig sett ýmis viðfangsefni sem tengjast skapandi starfi svo sem vatnslitun, að mála með þekjultum, lita með klessulitum, vinna með verðlaust efni og vinna í listasmiðju. Undir hlutverkaleikinn voru sömuleiðis flokkaðir ýmsar tegundir leiks svo sem heimilisleikur, dúkkuleikur, hlutverkaleikur, leikskólaleikur, læknisleikur og skrifstofuleikur.

Mynd 3



Mynd 4



Myndir 3 og 4 sýna hvað börnin flokkuðu sem skemmtilegt og leiðinlegt. Þrjú meginviðfangsefni voru flokkuð langoftast sem bæði skemmtileg og leiðinleg, en það er í fyrsta lagi málun og annað skapandi starf, í öðru lagi kubbar og í þriðja lagi

hlutverkaleikur. Ein skýring á því að þetta er oftast nefnt sem bæði skemmtilegt og leiðinlegt er að flest viðfangsefnin sem eru í boði í leikskólanum falla undir þessa flokka. Til dæmis geta börnin valið um 13 tegundir af kubbum.

Níu valmyndir mynda hlutverkaleiksflokkinn, þ.e. dúkkuleikur, heimilisleikur, hlutverkaleikur, leikskólaleikur, læknisleikur, skrifstofuleikur, snyrtidót, föt og púðar. Af þessum viðfangsefnum var læknisleikur, snyrtidót, föt, heimilisleikur og skrifstofuleikur vinsælir af meira en helming barnanna, en einnig voru nokkur börn sem flokkuðu þessa leiki sem leiðinlega, einkum þó heimilisleikinn.

Þrettán valmyndir sýndu ólíkar tegundir kubba. Það voru blómakubbar, duplo kubbar, stórir kubbar, einingakubbar, kapalkubbar, legókubbar, litlir einigakubbar, litlir trékubbar, stafakubbar, tengikubbar, turnkubbar og smellukubbar. Það var áberandi hve börnin voru sammála um ágæti stóru kubbanna, en 19 börnum fannst þeim skemmtilegir, en aðeins tveimur börnum fannst þeir leiðinlegir. Næst komu blómakubbar sem 13 börnum fannst skemmtilegir og sex fannst þeir leiðinlegir, þá komu tengikubbar sem 13 börnum fannst skemmtilegir og átta fannst leiðinlegir og þá einingakubbar sem 12 börnum fannst skemmtilegir en sex börnum fannst leiðinlegir. Aðrar tegundir kubba voru sjaldnar nefndar. Nokkur kynjamunur kom fram varðandi kubbana, einkum var áberandi að stúlkurnar sögðu að þeim þættu legókubbar leiðinlegir.

Spurningaspil

Fremur óalgengt er að nota spurningakannanir þegar leitað er eftir viðhorfum barna. Í þessu verkefni var spurningalisti lagður fram í formi leiks. Spurningaspil sem til var í leikskólanum var aðlagð og því breytt þannig að það þjónaði einnig þeim tilgangi að fá fram skoðanir barnanna á leikskólastarfinu. Spilið samanstendur af spjöldum í mismunandi litum og mismunandi formum. Á hverju spjaldi er spurning eða þraut sem börnin eiga að svara. Börnin gátu valið að leika með spilið og sitja nokkur saman með starfsmanni, draga spil og skiptast á að svara. Börnin gátu síðan flokkað og leikið sér með spjöldin á ýmsa vegu. Starfsmaðurinn skráði hjá sér svör barnanna á þar til gerð eyðublöð (fylgiskjal 3). Spurningarnar á spjöldunum eru af ýmsum toga en þær spurningar sem tengdust verkefninu eru þessar:

- Hvað er best að borða í leikskólanum?
- Hvað er vont að borða í leikskólanum?
- Hvaða reglur eru bestar í leikskólanum?
- Hvaða reglur eru erfiðastar í leikskólanum?
- Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum?
- Hvað er leiðinlegast að gera í leikskólanum?
- Á hvaða stað er best að leika í leikskólanum?
- Á hvaða stað er leiðinlegast að leika í leikskólanum?
- Hvað er skemmtilegast að leika úti?
- Hvar er leiðinlegast úti?
- Hverju mátt þú ráða í leikskólanum?
- Hverju mátt þú ekki ráða í leikskólanum?
- Hvað lærir þú í leikskólanum?
- Hvað gerir fullorðna fólkið í leikskólanum?
- Hvað finnst þér að fullorðna fólkið eigi að gera í leikskólanum?
- Hvað mátt þú gera í leikskólanum?
- Hvað mátt þú ekki gera í leikskólanum?
- Hvers vegna ertu í leikskóla?

Góður og slæmur matur

Þegar börnin voru spurð að því hvað þeim fyndist best að borða í leikskólanum og hvað þeim fyndist vont að borða í leikskólanum nefndu þau nokkuð fjölbreytta fæðu og virtist smekkur þeirra vera nokkuð misjafn. Sú fæðutegund sem flest börn nefndu að þeim þætti góð var fiskur. Sjö börn nefndu að þeim fyndist fiskur góður meðan aðeins eitt barn talaði um að sér fyndist fiskur vondur, tvö börn nefndu hins vegar að þeim þætti fiskibollur vonda. Annar matur sem nefndur var, var kjúklingur sem þrjú börn nefndu sem góðan mat, og tvö börn nefndu pítzu og tvö nefndu pylsur. Annað var aðeins nefnt einu sinni.

Góðar og erfiðar reglur

Þær reglur sem flest börnin nefndu sem erfiðastar voru reglur sem kröfðust þess að þau væru kyrr. Sú regla sem oftast var nefnd sem erfið regla var að mega ekki hlaupa inni sem fjögur börn nefndu, einnig nefndu þrjú börn að þeim þætti erfið regla að þurfa að sitja kyrr. Það var afar misjafnt sem börnin nefndu að þeim þættu góðar reglur. Sem dæmi um góðar reglur má nefna; mega ekki fara upp á þak, mega ekki fara yfir girðinguna, eiga að fara út og hafa hljóð. Leikskólakennararnir töldu ekki víst að öll börnin hefðu skilið hugtakið reglur og þurfti oft á tíðum að útskýra hvað átt var við.

ERFIÐAR REGLUR	FJÖLDI
Mega ekki hlaupa á ganginum	3
Mega ekki hlaupa frá Hvítu og inn	
Sitja kyrr	3
Erfitt að púsla erfitt púsl	2
Engin regla erfið	2
Erfitt að fara heim úr leikskólanum	
Úti	
Ekki skrópa í leikskólanum	
Setja hjól í hjólastand	
Veit ekki	

Skemmtilegast/leiðinlegast að gera

Þegar börnin voru beðin að nefna hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum nefndu þau fjölbreytt viðfangsefni. Flest nefndu leik að ýmsu tagi, sum sögðu að þeim þætti gaman að leika, án nokkurra skýringa meðan önnur nefndu að

þeim þætti gaman að leika við einhvern sérstakan eða með eitthvað sérstakt leikefni. Það leikefni sem flest börnin nefndu voru kubbar, en sex börn nefndu kubba og kubbaleik. Fjögur börn töluðu um að þeim þætti skemmtilegast að leika úti. Þegar börnin voru beðin að nefna það sem þeim þætti leiðinlegt, sögðu fimm börn að þeim þætti ekkert leiðinlegt, tvö nefndu að þeim þætti leiðinlegt að vera úti, tvö nefndu hvíldina sem leiðinlega, tvö sögðu að þeim þætti dúkkurnar vera leiðinlegar og tveimur fannst leiðinlegt að lita, en annað var einungis nefnt einu sinni.

SKEMMTILEGT	FJÖLDI	LEIÐINLEGT	FJÖLDI
Kubba	6	Ekkert leiðinlegt	5
Að leika	4	Úti	2
Vera úti	4	Dúkkur	2
Lita	2	Hvöldin	2
Vera umsjónarmaður	2	Lita	2
Hreyfisvæði,		Spila	
Landasvæði		Dýnan	
Vera í bílunum		Tölvun	
Leika með dýrin		Vera alltaf inni	
Púsla		Fötin	
Spila		Kubbar	
Leika í dúkkuleik		Sauma	
Skoða bók		Skoða bók	
Skrifa			
Vera í púðum			
Allt hér inni			
Borða			

Á hvaða stað er best/leiðinlegast að leika

Þeir staðir sem oftast voru nefndir sem skemmtilegastir að leika á voru utan leikskóladeildanna og einnig voru svæði sem gáfu kost á hreyfingu vinsælir. Flest börn, eða sex, nefndu hreyfisvæðið sem góðan stað til að leika á. Fimm nefndu kubbaskvæðin, bæði einingakubbaskvæðið og stóru kubbana og fjórir nefndu útisvæðið. Einnig nefndu fjórir svæði þar sem þau geta leikið í friði, svo sem eldhúsið á hvítu deildinni, fataklefana eða baðið. Það kom einnig í ljós að nokkur þeirra svæða sem sum börnin nefndu sem bestu svæðin nefndu önnur börn sem leiðinlegustu svæðin, sem dæmi má nefna að eitt barn nefndi hreyfisvæðið sem leiðinlegt og tvö nefndu kubbana og eitt barn nefndi baðið sem leiðinlegan stað að leika á. Ekkert svæði var áberandi leiðinlegt að mati barnanna almennt.

Hvað er skemmtilegast/leiðinlegast að leika úti

Það sem flest börnin nefndu sem skemmtilegt að leika úti voru rólurnar, en fimm börn nefndu að þeim þætti skemmtilegast að róla sér þegar þau væru úti. Þrjú börn nefndu sandkassann, en annað var nefnt aðeins einu sinni. Það sem var oftast nefnt sem leiðinlegt úti var drullumall, en fjögur börn nefndu drullumallið og moldina sem leiðinlega og þrjú börn nefndu að þeim þætti leiðinlegt að vera í skóginum. Annað var einungis nefnt einu sinni. Þegar leikskólakennararnir ræddu um hvaða skýring væri á því hvers vegna börnin segðu að drullumall væri leiðinlegt þar sem sömu börnin sæktu í að drullumalla á ákveðnum stað á leikskólalóðinni. Skýringuna töldu þær hugsanlega vera að þar sem þetta drullumall færi fram væri þeim oft bannað að stunda þessa iðju og það væri það sem þau væru að tjá, þ.e. að þeim væri bannað að drullumalla.

Hverju mátt þú ráða/ekki ráða í leikskólanum

Þegar skoðanir barnanna á því hverju þau mega ekki ráða í leikskólanum eru skoðaðar kemur í ljós að spurnarorðið *hvenær* kemur nokkuð oft fyrir, þ.e. þau segjast ekki mega ráða *hvenær* þau velja, *hvenær* þau fari heim, *hvenær* þau fari út. Oftast var nefnt að þau mættu ekki ráða var *hvenær* þau eru úti eða inni. Þau segjast ekki heldur mega ráða yfir öðrum börnum. Hins vegar segjast þau mega ráða *hvað* þau velji, í *hvaða* leik þau fari, *hvað* þau hlusti á og *hvaða* efni þau leiki með.

Hvað mátt þú gera/ekki gera í leikskólanum

Þessi spurning er tengd þeirri fyrri um hverju þau megi ráða og hverju ekki í leikskólanum. Flest börnin nefndu að þau mættu leika sér í leikskólanum, og önnur nefndu ákveðna leiki eða leikefni sem þau mættu leika með, svo sem teikna, mála, hlusta, leika með dýrin kubba og Legó. Nokkur nefndu að þau mættu velja í leikskólanum. Það sem þau sögðust ekki mega gera í leikskólanum voru sambærilegir þættir við það sem þau sögðust ekki mega ráða. Þættir sem varða skipulagið í leikskólanum svo sem: Þau mega ekki ráða hvort þau fari út eða hvort þau fari í hópastarf, og ekki velja þegar það er samverustund. Þau nefndu einnig þætti sem flokkast undir samskipti eða mannasiði, svo sem ekki hlaupa á ganginum og ekki meiða.

HVERJU MEGA BÖRNIN EKKI RÁÐA- HVAÐ MEGA ÞAU EKKI GERA	FJÖLDI
Hvenær ég fer inn og út	6
Meiða krakkana	4
Ekki ráða yfir krökkunum	3
Ekki ráða yfir tölvunni	2
Að hlaupa á ganginum	2
Ekki skrifa á vegg,	
Ekki leika í hvíldinni	
Ekki hvort ég fer í hópastarf	
Ekki velja þegar er samverustund	
Ekki borða eitur	
Ekki fara á hreyfisvæðið	
Ekki prumpa og kúka	
Ekki leika inni í eldhúsi í stóra húsinu	
Ekki vaska upp	
Ekki klifra	
Ekki púsla	
Hvenær ég vel	
Ekki opna skápinn	
Hver fer út og inn	
Hvenær ég fer heim	
Hvenær ég fer í leikskólann	
Hvenær ég fer á klósettið	
Hvöldinni	
Borða	
Samverustundinni	
Ekki pissa á gólfíð	
Við borðið	
Ekki fara út á götu	
Hvenær á að velja	
Veit ekki	3

Hvað á fullorðna fólkið að gera í leikskólanum/Hvað gerir fullorðna fólkið í leikskólanum

Þegar börnin töluðu um hlutverk fullorðna fólksins í leikskólanum var þeim efst í huga stjórnunarhlutverk leikskólakennarans. Sjö börn sögðu að fullorðna fólkið réði og stjórnaði og segði til um hvað ætti að gera. Börnin lýstu þessu stjórnunarhlutverki einnig á þennan hátt: þau ráða hvenær maður er búinn að vera umsjónarmaður, það ræður hvenær maður fer út, það ræður valinu og bara öllu í leikskólanum. Þrjú börn nefndu að fullorðna fólkið spjallaði saman og færi á fundi. Einn nefndi að fullorðna

fólkið passaði börn og einn að það kenndi börnunum. Og nokkur nefndu að fullorðna fólkið væri með börnunum í leik og starfi. T.d. stundum leirar Stella, dansar við Möggu, fer með krökkunum út, leikur við okkur. Þegar þau voru spurð hvað fullorðna fólkið eigi að gera voru svörin á svipaðan veg. Börnunum fannst sem sagt ekki að fullorðna fólkið ætti að gera annað en að það er að gera.

HVAÐ GERIR FULLORÐNA FÓLKID
Stjórnun
Ræður hvenær maður fer út
Ræður hvenær maður er búinn að vera umsjónarmaður
Ræður yfir okkur
Ræður
Ræður valinu og bara öllu í leikskólanum
Segja hvað á að gera
Stjórnar
Segir ekki meiða og vera vondur
Skammar börn ef einhver meiðir
Samvera með börnunum
Dansa við Möggu
Stundum leirar Stella
Fer með krökkunum út 2
Leikur við okkur 2
Passar börnin
Kenna
Opnar skápinn
Samverustund
Samvera fullorðinna
Spjallar saman 2
Fer á fund
Eldar
Hjálpar inni í eldhúsi

Af hverju ertu í leikskóla og hvað lærir þú þar?

Ástæður þess að flest börnin sögðust vera í leikskólanum voru þær að þau væru þar til að læra ýmislegt og leika sér og svo nefndu þrjú börn að þau væru í leikskólanum af því þau væru lítil og einn sagðist vera í leikskóla “af því mamma mín setti mig þar”.

Börnin nefndu margvíslega hluti sem þau læra í leikskólanum. Lang flest börnin nefndu að þau lærðu að leika sér í leikskólanum og flest nefndu að leika með ákveðna hluti eða í ákveðnum leikjum svo sem með kubba, dýr eða bolta. Tvö börn nefndu að þau lærðu að skrifa eða lærðu stafina og nokkur börn nefndu að þau lærðu að fara eftir reglum eða að haga sér vel. Tvö börn sögðust ekki læra neitt í leikskólanum og tvö börn sögðust ekki vita hvað þau lærðu.

HVAÐ LÆRIR ÞÚ Í LEIKSKÓLANUM?	
Spila	3
Leika	2
Kubba	2
Teikna	2
Læra reglur	2
Róla	
Leira	
Vera í dúkkó	
Gera leikrit	
Leika í dýrunum	
Boltaleik	
Leika ofurhetjur	
Skrifa	
Stafina	
Læra ekki að vera óþekk	
Púsla	
Veit ekki	2
Ekki neitt	2

Þessi aðferð að nota spurningakönnun í leikformi var að mati leikskólakennaranna bæði skemmtileg og gagnleg. Börnin höfðu gaman af spilinu og þetta var hluti af daglegu leikefni leikskólans. Hins vegar er spilið nokkuð viðamikið og spurningar etv. of margar og of keimlíkar. Til að spurningaspilið nýtist leikskólanum í framtíðinni er æskilegt að prófa það og breyta því lítillega.

Leikskólakennararnir ræddu niðurstöðurnar og einkum þá hvort æskilegt væri að börnin fengju að ráða fleiru í leikskólanum og þá hverju. T.d. hvort þau ættu að fá að ráða hvort þau færu í hópastarf eða ekki og hvort þau myndu þá velja sig frá því. Kennararnir töldu hlutverk sitt vera að hafa áhrif á hvað væri gert í leikskólanum og sjá til þess að unnið væri skv. settum markmiðum. Það þyrfti að hafa í huga þegar tekin væri ákvörðun um að börnin réðu meira í leikskólanum. Hópurinn var sammála um að athyglisvert gæti verið að prófa t.d. eina viku og sjá hvort börnin kysu að hafa skipulagið á annan veg eða sleppa ákveðnum þáttum.


Val barnanna

Börnin í leikskólanum hafa tækifæri til að velja sér viðfangsefni einu sinni, tvisvar og stundum þrisvar daglega. Valið fer þannig fram að börnin velja myndir af því sem þau vilja gera og setja þær í körfu. Leikskólakennararnir skrá jafnóðum niður á þar til gert eyðublað það sem börnin velja (fylgiskjal 4). Að hausti og vori var val hvers barns tekið saman og skoðað og í foreldraviðtali að vori voru foreldrum sýndar niðurstöður þess. Fyrir þau 25 börn sem voru hluti af rannsóknarhópnum var valið einnig tekið saman í lok vetrar. Taflan hér að neðan sýnir hvaða leikefni og viðfangsefni voru oftast valin af þeim hópi barna.

VIÐFANGSEFNI	FJÖLDI SKIPTA
Púðar	137
Föt	128
Stórir kubbar	122
Einingakubbar	109
Leir	91
Hlusta	88
Hreyfisvæði	85
Púsl	85
Duplo kubbar	82
Dýr	81
Teikna	79
Tölva	71
Klippa og líma	64
Listasmiðja	61
Spil	60
Heimilisleikur	57
Dúkkuleikur	43
Tengikubbar	42
Læknisleikur	41
Snyrtileikur	40
Bílar	29
Útivist	27
Lest	26
Villt dýr	25
Perlur	24
Boltar	24
Legókubbar	23
Sandur	20
Hlutverkaleikur	20

Þegar viðfangsefnin eru flokkuð nánar niður og búnir til almennari flokkar þá kemur í ljós að viðfangsefni og leikefni sem talist geta til hlutverkaleiks eru oftast valin, eins og fram kemur á mynd 5. Hlutverkaleiksflokkurinn samanstendur af, dúkkuleik, fötum, heimilisleik, hlutverkaleik, leikskólaleik, læknisleik, skrifstofuleik, snyrtileik og púðum. Næst algengasta valið voru kubbar, en undir þann flokk fóru einingakubbar, blómakubbar, duplo kubbar, kapalkubbar, legókubbar, litlir trékubbar, stórir kubbar, tengikubbar og burstakubbar. Þriðji algengasti valflokkurinn er mála/teikna, en hann samanstendur af eftirfarandi vali; klippa/líma, klessulita, listasmiðja, teikna, vatnslita, þekjultir, mála. Undir fínhyfingar eru perlur, pinnar, púsl, vefa og þræða.

Mynd 5



Þegar skoðaðir voru nánar tveir algengustu flokkarnir; hlutverkaleikurinn og kubbarinn þá kom í ljós að vinsælustu kubbarinn voru stóru kubbarinn sem stundum eru nefndir holir kubbar og næst vinsælastir voru einingakubbar. Bæði stóru kubbarinn og einingakubbarinn eru staðsettir á sameiginlegu svæði sem allar deildirnar nota. Duplo kubbarinn sem eru inni á deildunum voru í þriðja sæti. Vinsælustu valmöguleikarnir sem flokkast undir hlutverkaleik voru púðar og föt sem telja má til opins efniviðar. Þegar valið er tekið saman á þennan hátt sýna niðurstöðurnar ekki aðeins hvað börnunum finnst gaman að gera í leikskólanum og það sem þau velja oftast, heldur einnig þau viðfangsefni sem oftast eru í boði í leikskólanum.

Ljósmyndir

Þrjár leiðir voru farnar við notkun ljósmynda til að skoða leikskólastarfið. Eldri börnin fengu myndavélar til að taka myndir af leikskólanum og leikskólastarfinu. Þeim voru annars vegar boðnar einnota myndavélar til að hafa í nokkra daga og taka myndir af því sem þau vildu og hins vegar fengu þau stafræna myndavél þegar þau sýndu verkefnastjóra leikskólann. Börnin fengu eftirfarandi leiðbeiningar um hvernig best væri að nota vélina; á hvaða takka á að ýta, vera nálægt því sem þau taka mynd af og hafa stafrænu myndavélina bundna um úlnliðinn. Með yngstu börnunum var farin sú leið að leikskólakennari tók myndir af barninu og því sem það var að gera á einum degi og notaði myndirnar síðan til að ræða við barnið um skólastarfið.

Ljósmyndir á einnota myndavélar

Börnin fengu til afnota einnota myndavél með 25 myndum sem þau máttu nota til að taka myndir af því sem þau vildu í leikskólanum. Áður var spjallað við þau um hvort þau vissu hverju þau vildu taka myndir af og rætt um að þau ættu að velja myndefnið sjálf. Þó að einhver segði þeim að taka mynd af sér eða af einhverju þá þyrftu þau ekki að gera það. Þeim var sagt að þau mættu taka myndir af því sem þau vildu, þegar þau vildu.

Börnin voru misáhugasöm um myndavélarnar. Sum voru mjög áhugasöm en önnur sýndu myndavélunum lítinn áhuga. Börnin báru sig líka misjafnlega að við myndatökuna. Sum virtust hugsa töluvert um hvað þau ætluðu að mynda en önnur tóku myndir út og suður af því sem fyrir augun bar. Það tók einnig mjög misjafnlega langan tíma fyrir börnin að klára filmurnar. Sum tóku allar myndirnar í einu af því sem var gerast á þessum tíma, af starfsfólkinu og af hvert öðru. Önnur voru með myndavélina í sinni vörslu í nokkra daga og jafnvel vikur og þurfti að minna þau á að nota hana. Þegar börnin höfðu lokið við að taka allar myndirnar var filman framkölluð. Þá var sest með hverju barni og rætt um myndirnar, hvað var á þeim og hvers vegna þau höfðu tekið þær. Þau fengu lítið albúm sem keypt hafði verið fyrir þau til að setja myndirnar í og þau máttu ráða hvaða myndir færu þar í, hvort þau hentu einhverjum myndum eða geymdu þær annars staðar.

Niðurstöðurnar sýna að mörg börnin litu á myndavélarnar sem nýtt leikefni. Þau léku sér að því að taka myndir, leikurinn snérist um vélina. Þau virtust ekki taka sig út

úr leik og fara að taka mynd af því sem var að gerast þótt það væri skemmtilegt og þau virtust njóta leiksins. Myndatakan virtist einnig vera félagslegt atferli. Mörg barnanna virtust ekki hafa ánægju af því að ganga um og taka myndir ein. Áhuginn kviknaði þegar einhver annar var með myndavél líka eða þau gátu leikið sér saman með myndavélina og tekið myndir saman af sömu hlutunum.

Flestar myndirnar voru af börnum að leik. Margar myndir voru teknar af börnum að leika sér þar sem fullorðnir voru ekki til staðar og þau voru að ærslast eða jafnvel að gera eitthvað sem ekki var ætlast til af þeim, jafnframt voru margar myndir teknar af börnum á útileiksvæðinu. Einnig tóku mörg börnin myndir af eigin verkum og hlutum sem þeim tilheyrðu og uppáhalds leikefni eða nýstárlegum leikefnum og verkefnum. Það leikefni sem oftast var myndað voru kubbar. Nokkur börn tóku sjálfsmyndir í spegli þar sem þau sáu með myndavélina og myndir af hvert öðru með myndavélina.

Leikskólakennararnir voru sammála um að myndirnar einar og sér segðu þeim lítið. Nauðsynlegt væri að ræða við börnin um myndirnar og heyra skoðanir þeirra á þeim. Viðtölin sem fram fóru í kjölfarið skýrðu oft það sem börnin voru að mynda og stundum voru þau með ákveðna hluti í huga þegar þau tóku myndirnar sem ómögulegt var fyrir aðra að átta sig á. Sem dæmi um þetta er mynd sem einn drengurinn tók á leikvöllinum. Fyrir þá sem skoðuðu myndina var þetta mynd af börnum að leik á leikvöllinum, en þegar hann sagði frá myndinni lagði hann áherslu á húsið sitt sem varla sást í mikilli fjarlægð. Reynslan af þessari aðferð sýndi einnig að mikilvægt er að taka viðtöl við börnin um myndirnar mjög fljótlega eftir að þau tóku þær. Annars voru þau búin að gleyma hvers vegna þau tóku myndirnar og af hverju og jafnvel missa áhugann á að ræða um þær. Stafrænar myndavélar þar sem börnin geta strax skoðað myndirnar sínar myndu leysa þennan vanda. Sum börnin sýndu þessum einnota myndavélum lítinn áhuga og var rætt um það í framkvæmdahópnum að ástæðan væri etv. sú þau væru óvön myndavélum þar sem ekki sæist strax það sem verið var að taka mynd af. Mat leikskólakennaranna var að þessi aðferð væri gagnleg með öðrum aðferðum og víkkaði sjóndeildarhring þeirra á það sem börnin væru að gera og það sem þeim þætti mikilvægt. Hins vegar væri þetta nokkuð dýrt og því ekki aðferð sem líklegt væri að notuð yrði að jafnaði. Myndirnar sem börnin tóku gefa hins vegar utanðkomandi nokkuð skýra mynd af því sem börnin eru að fást við í leikskólanum og flestar þeirra lýsa mikilli gleði.

Hér á eftir fara dæmi um algeng myndaefni barnanna.



Börn að leik



Börn með myndavél



Nýjungar



Eigin vinna



Það sem er
bannað



Á eigin vegum



Útivist





Leikefni





Daglegt líf



Ljósmyndir á stafræna myndavél

Sú aðferð að fá börnunum stafræna myndavél til að taka myndir í leikskólanum var prófuð með elstu börnum leikskólans. Farin var sú leið að biðja börnin að sýna verkefnastjóranum leikskólann og taka myndir af því sem þeim þætti þessi virði að mynda. Myndirnar voru síðan prentaðar út og næsta dag settist verkefnastjóri með hverju barni og ræddi um myndirnar. Börnin voru spurð um af hverju það myndaði þetta, hvað þetta væri o.s.frv. Börnin fengu myndirnar heftaðar saman í bækling til að taka með sér heim. Börnin tóku mismargar myndir. Sá sem tók fæstar tók átta myndir, en sá sem tók flestar tók 20 myndir. Í töflunni hér að neðan kemur fram hvaða þættir

voru algengastir þegar börnin sýndu leikskólann og tóku þar myndir. Langflestar myndir voru teknar af útileiksvæðinu. Mörg barnanna tóku líka myndir af svæðum þar sem kubbar voru staðsettir. Önnur svæði sem oft voru mynduð voru fataklefinn og hreyfisvæðið. Börnin tóku líka mörg hver myndir af öðrum börnum og hlutum sem tilheyrðu þeim sjálfum eða þau höfðu gert.

	FJÖLDI MYNDA
Leiksvæði/viðfangsefni	
Útileiksvæði	55
Hreyfisvæði	19
Stórir kubbar	19
Tölva	17
Einingakubbar	11
Legó kubbar	11
Heyrnartæki	5
Annars konar kubbar	4
Önnur svæði	
Fataklefinn	15
Eldhúsið	10
Geymslupláss	10
Eigin deild	6
Aðrar deildir	6
Kaffistofa starfsfóks	4
Fólk	
Önnur börn	33
Starfsfólk	6
Eigin vinna	
Blómapottar með fræjum	7
Myndverk-kort af nágrenninu og heimilum barnanna	6
Annað	10
Annað	
Skipulag uppi á vegg	9
Fiskabúr	8
Skúffur og kórffum með nöfnum barnanna	4
Skreytingar	4

Dæmi um myndir sem börnin tók þegar þau sýndu leikskólann.



Útileik-
svæðið



Stórir kubbar



Heyrnartæki



Tölva



Fataklefinn



Geymslu-
svæði



Börn að leik



Eigin vinna



Skipulag



Fiskabúrið

Ljósmyndir með yngstu leikskólabörnunum

Með yngstu börnunum var farin sú leið að taka myndir af hverju einstöku barni á einum degi. Barninu var fylgt eftir yfir daginn og myndir teknar á stafræna myndavél af því sem það tók sér fyrir hendur. Reynt var að taka myndir af barninu í sem flestum athöfnum dagsins. Í lok dagsins voru myndirnar prentaðar út og skoðaðar með barninu og rætt um þær. Þetta er aðferð sem reyndist mjög vel með yngstu börnunum. Börnin létu sér myndatökuna í léttu rúmi liggja á meðan á henni stóð, en voru mjög áhugasöm að skoða myndirnar í lok dagsins. Þarna höfðu þau tækifæri til að rifja upp ígrunda. Leikskólakennurunum fannst aðferðin gefa þeim góða mynd af leikskóladegi barnsins og því sem það hafði ánægju af að gera í leikskólanum og foreldrarnir höfðu mikla ánægju af að fá svo skýra mynd af því sem barnið þeirra er að fást við í leikskólanum. Auk þess sem verið er að skrá ferli náms og starfs hjá barninu hvetur aðferðin barnið til að tala og er hentug málörvunarleið.

Hér að neðan eru dæmi um nokkrar myndir sem teknar voru af einu barni.



Tómas: Tómas að borða
stafasúpu.
[Hann var að borða hafragraut]



S: Hvað ert þú að leika með hérna?
Hvað er Tómas að leika með?
Tómas: Hann er að leika við
skjaldbökuna.
S: Er það gaman eða leiðinlegt?
Tómas: Gaman.





S: Hvað er Tómas að gera hér?
 Tómas: Margréti.
 S: Hvað er Margrét að gera með Tómasi?
 Tómas: Skipta á bleiu.
 S: Er það gaman eða leiðinlegt?
 Tómas: Gaman.



S: En hérna, hvað er Tómas að gera hér?
 Tómas: Klæða.
 S: Er hann að klæða sig? Hvert er hann að fara?
 Tómas: Hann er að fara út.
 S: Hvað ætlar Tómas að gera úti?
 Tómas: Leika
 S Já, er það gaman eða leiðinlegt?
 Tómas: Gaman.





S: En hvað ertu að gera hérna?
 Tómas: Borða.
 S: Hvað ertu að borða?
 Tómas: Fisk.
 S: Fisk. Já. Er það gott eða vont?
 Þögn
 S: Hvernig er fiskurinn? Fiskurinn er...?
 Tómas: Góður.
 S: Er hann góður?
 Tómas: Já.



S: En hver er þetta?
 Tómas: Tómas
 S: Er þetta Tómas sofandi? Hvað er hann með í munninum?
 Tómas: Snuddu
 S: Snuddu. Hvernig er að sofa?
 Tómas: Svona (bendir á mynd)
 S: Er það gaman eða leiðinlegt?
 Tómas: Gott.





S: En hérna? Hvað ertu að gera?

Tómas: Velja.

S: Já, og hvað valdir þú?

Tómas: Púða

...

S: Hvað er mest gaman?

Tómas: Gaman.



Viðtöl við börnin

Í upphafi var áformað að taka viðtöl við öll börnin og ræða við þau um leikskólastarfið í tveggja eða þriggja manna hópum. Þegar á reyndi var fallið frá þeirri fyrirætlan þar sem það viðtalsform hentaði ekki öllum börnunum. Því var farin sú leið að taka einstaklingsviðtöl við sum börnin og nota myndir með allra yngstu börnunum eins og fram kemur hér að framan. Hópviðtöl voru tekin við elstu börnin. Eftirfarandi spurningar voru hafðar til viðmiðunar í viðtölunum:

- Hvers vegna segjast börnin vera í leikskóla?
- Hvað segjast börnin læra og gera í leikskólanum?
- Hvað segjast börnin eiga að læra og gera í leikskólanum?
- Hvað segja börnin að starfsfólkið geri í leikskólanum?
- Hvað segja börnin að starfsfólkið eigi að gera í leikskólanum?
- Hverju segjast börnin mega ráða í leikskólanum?
- Hverju segjast börnin ekki mega ráða í leikskólanum?
- Hvað finnst börnunum skemmtilegt í leikskólanum?
- Hvað finnst börnunum leiðinlegt í leikskólanum?
- Hvað finnst börnunum erfitt í leikskólanum?
- Hvað finnst börnunum ekki erfitt?
- Hvers munu þau sakna úr leikskólanum eftir að þau hætta þar?

Hvers vegna segjast börnin vera í leikskóla?

Þegar börnin voru spurð að því af hverju þau væru í leikskóla svöruðu mörg þeirra því til að þau væru í leikskóla vegna þess að foreldrar þeirra væru að vinna og þau gætu ekki verið ein heima. Ein stúlka sagði t.d. afdráttarlaust að börn væru í leikskóla „af því að mömmur og pabbar eru að vinna“. Tvær stúlkur sögðu, þegar þær voru spurðar hvort þær gætu sagt af hverju þær væru í leikskóla:

Hrund: Já af því að við erum minni en hinir.

K: En þú Brynja af hverju ert þú í leikskóla?

Brynja: Af því að mamma okkar og pabbi eru í vinnunni, þá verðum við að vera einhvers staðar.

Hér segir Hrund að börnin séu í leikskóla af því að þau séu minni en hinir og er það í svipuðum dúr og fleiri börn gerðu er þau vísuðu til að þau væru ung að árum og því væri það eðlilegur gangur að vera í leikskóla. Einn piltur orðaði þetta þannig: „Af því við erum öll fimm og svona þá erum við í leikskóla“. Annar sagði. „Út af því að við erum börn“. Börnin nefndu einnig að þau væru í leikskóla til að læra og leika sér.

Hvað segjast börnin læra og gera í leikskólanum?

Þegar börnin voru spurð hvað þau lærðu og gerðu í leikskólanum nefndu mörg þeirra þætti sem taka til mannlegra samskipta og mannasiða. Þau sögðust t.d. læra borðsiði, mannasiði, að vera kurteis, ekki meiða aðra og hlýða. Hér fer dæmi um samtal leikskólakennara við tvær stúlkur um það sem þær læra í leikskólanum, þar sem þær leggja megináherslu á að þær læri hegðun, framkomu og samskipti við aðra.

K: Hvað lærið þið í leikskólanum?

Helga: Mannasiði.

Björk: Og borða og skafa af diskunum og borða allan matinn.

K: Lærið þið eitthvað annað?

Helga: Já, lærum ekki að meiða.

K: Björk, lærir þú eitthvað meira en í sambandi við matinn?

Björk: Að leika sér.

K: Er hægt að læra að leika sér?

Helga: Já.

Björk: Að vera kurteis.

Þau börn sem næst er vitnað í töluðu um að þau lærðu að hlýða í leikskólanum, en ræddu einnig aðra þætti sem þau lærðu svo sem að velja og vinna ákveðin viðfangsefni. Önnur börn töldu einnig upp ótal viðfangsefni sem þau lærðu og gerðu í leikskólanum auk þess sem þau sögðust læra að leika sér.

K: Hvað lærið þið í leikskólanum?

Hrönn: Að hlýða.

K: Eitthvað fleira?

Inga: Að velja.

Einar: Að fara í tölvuna.

Hrönn: Að leika í tölvunni og að velja.

Inga: Að fara í stóru kubbana.

Hvað segja börnin að starfsfólkið geri í leikskólanum?

Þegar börnin voru spurð að því hvað starfsfólkið gerði í leikskólanum nefndu þau margþætt verkefni og hlutverk sem starfsfólkið hefði. Að mati þessara barna ræður starfsfólkið í leikskólanum og stjórnar ýmsum framkvæmdaþáttum, svo sem hver á að velja, hvenær á að velja og hvað á að vera í valinu. Einnig stjórnar það hópastarfinu og öðrum skipulögðum verkefnum. Auk þess hefur starfsfólkið það hlutverk að gæta þess að allt gangi eftir settum reglum, eins og þessi tvö börn sem vitnað er í hér að neðan nefndu þegar þau voru spurð hvað starfsfólkið gerði:

Helga: Að skamma mann.

K: Skamma þeir mann bara?

Helga: Já þegar maður er óhlýðinn.

K: Hvað gerir starfsfólkið fleira?

Einar: Finna eitthvað dót í stóra skápnum.

Þegar börnin voru spurð hvað starfsfólkið ætti að gera í leikskólanum voru svörin á svipaða lund. Starfsfólkið á „að stjórna börnunum í leikskólanum“ og „skamma þegar verið er að meiða mann“. Börnin nefndu einnig að starfsfólkið væri í leikskólanum til að gæta barnanna eins og samtalið hér að neðan ber með sér.

K: Til hvers er starfsfólkið hér í leikskólanum?

Helga: Út af því að við getum ekki verið alein í leikskólanum.

K: Hvað á starfsfólkið þá að gera?

Inga: Passa börnin í þessum leikskóla.

Börnin nefndu samveru starfsfólksins, t.d. að það spjallaði saman, færi í kaffi, á fundi og í undirbúning. Gunnar og Þór höfðu þetta að segja um það sem starfsfólkið gerði í leikskólanum:

K: Hvað erum við að gera, við starfsfólkið í leikskólanum?

Gunnar: Þið eruð hér inni á kaffistofu að drekka kaffi.

K: Þór, hvað erum við að gera í leikskólanum?

Þór: Stundum að spjalla um hvernig hópastarfið á að vera.

Hverju segjast börnin mega ráða í leikskólanum?

Þegar rætt var við börnin um hverju þau mættu ráða í leikskólanum og hverju þau mættu ekki ráða kom í ljós að þau töldu að þau hefðu lítið um skipulag leikskóla-starfsins sjálfs að segja. Einn drengur sagði t.d.: „Við megum ekki ráða hvenær við förum út“ og annar sagði „Við megum ekki ráða yfir hvíldinni“. Hins vegar fannst

þeim mörgum þau hafa val innan ákveðins ramma. Mörg svörin voru í þessa veru: „Við megum velja hvað við veljum okkur“, „hvað við leikum okkur í“ „hvað við litum“. Nokkrir sögðust þó ekki mega ráða neinu eins og fram kemur í þessari umræðu hér að neðan.

K: En segið þið mér stelpur. Hverju megið þið ráða í leikskólanum?

Hildur: Engu.

K: Engu?

Ása: Við megum ráða hvort við fáum bók ef við megum.

K: Megið þið engu öðru ráða?

Þögn

Ása: Við megum mest ráða þegar við veljum. Þá megum við ráða hvað við veljum.

K: Ekki ræð ég því hvað þú velur.

Ása: Nei.

Nokkur börn töluðu um það sem ekki má í leikskólanum og tengdist það í flestum tilfellum samskiptum við önnur börn og samskiptareglum. Eva sagði t.d.: „Það má ekki stríða, það má ekki meiða, það má ekki fara undir borð þegar maður er að borða“. Hér að neðan ræða Ása og Helga um það sem þær vildu gjarnan ráða meiru um í leikskólanum.

K: Hverju viljið þið ráða?

Ása: Ráða hvort við erum inni eða úti.

K: Já þig langar að ráða því.

...

Ása: Mig langar líka að velja hvort við förum að velja eða í samverustund.

Hildur: Ég líka.

Hvað finnst börnunum skemmtilegt/leiðinlegt í leikskólanum?

Þegar börnin voru spurð að því hvað þeim þætti skemmtilegt og leiðinlegt í leikskólanum voru svörin mjög fjölbreytt (sbr. töfluna hér að neðan). Það sem sumum finnst skemmtilegt finnst öðrum leiðinlegt eins og fram kemur í eftirfarandi samtölum. Til dæmis þykir sumum skemmtilegast af öllu að vera úti en öðrum finnst það leiðinlegast, sumum finnst samverustundin leiðinlegust en öðrum finnst hún skemmtileg. Hrönn segist t.d. „elska samverustund“ meðan Gísli lýsir því yfir að honum finnist samverustundin leiðinleg:

K: Hvað er leiðinlegt við samverustundina?

Gísli: Að hlusta. Erfitt að hlusta. Leiðinlegt þegar er verið að sussa á mann.

K: En af hverju þarf að vera að sussa á ykkur?

Gísli: Af því ef maður er með hávaða, þá suss...

Hrönn: Ég elska samverustund.
 Bryndís: Ég elska að velja og fara út.
 Hrönn: Ég elska ekki að vera úti, jökk.
 K: Finnst þér alltaf leiðinlegt úti?
 Hrönn: Stundum.
 Bryndís: Mér finnst bara gaman þegar maður þarf að klæða sig í úlpu og skó.
 K: Já þegar maður þarf ekki að vera klæða sig í einhvern rosagalla.
 Hrönn: Mér finnst líka gaman að fara bara í skó.
 Bryndís: Mér finnst gaman í sumar þegar við megum vera bara í stuttubuxum og stuttermabol.

Þessi umræða þriggja stúlkna sýnir glögg ólíkar skoðanir barnanna á því hvað er skemmtilegt og leiðinlegt í leikskólanum.

K: Hvað finnst ykkur skemmtilegt stelpur?
 Anna: Mér finnst skemmtilegt að mála.
 K: Já.
 Lára: Mér finnst skemmtilegt að klippa.
 Sísí: Mér finnst skemmtilegt að dansa.
 K: Að dansa. En er eitthvað leiðinlegt í leikskólanum?
 Lára: Að fara út.
 K: Anna er eitthvað leiðinlegt?
 Anna: Að fara út.
 K: Sísí, finnst þér eitthvað leiðinlegt?
 Sísí: Leiðinlegt í púðunum.

SKEMMTILEGT	LEIÐINLEGT
Samverustund 3	Að fara út
Hlusta	Að vera í leikskólanum
Spila	Samverustund
Leira	Sauma með nál
Teikna	Teikna 2
Mála	Fötin
Klippa	Að fara á bókasafn
Dýró	Hlusta
Hvöld	Púðarnir
Tölva	Þegar einhver er að skilja útundan 2
Að fara út 3	Þegar ég meiði mig
Leika úti 2	Þegar ég dett
Klifra upp á húspak	Þegar Ragnar er að hrinda mér og henda steini í mig
Klifra í klifurgrindinni	Þegar Ragnar meiðir mig
Úti að róla 2	Þegar einhver ýtir mér
Hópastarf 2	Þegar einhver meiðir okkur
Heimspeki 2	Sakna stundum mömmu
Íþróttahús og leikir	Veit ekki
Listasmiðjan	
Stórir kubbar 2	
Púðarnir	
Hreyfisvæði	

Hvers munu börnin sakna úr leikskólanum eftir að þau hætta þar?

Þegar rætt var við börnin um hvers þau myndu sakna þegar þau hætta í leikskólanum nefndu mörg þeirra að þau myndu sakna starfsfólksins og krakkanna og nefndu mörg nöfn ákveðinna barna sem þau myndu sakna eins og fram kemur í samtölunum hér að neðan.

K: Hvers munuð þið sakna úr leikskólanum?

Guðmundur: Ég mun sakna kannski leikskólans.

K: Leikskólans?

K: Heldur þú að þú munir sakna einhvers úr leikskólanum?

Guðmundur: Já, ég mun sakna Óskars og Júlla.

K: Heldur þá að það sé eitthvað frekar en annað sem þú munir sakna?

Guðmundur: Ég mun sakna kennaranna minna.

K: Þór dettur þér eitthvað í hug?

Þór: Nei.

Hvers munuð þið sakna þegar þið hættið í leikskólanum?

Ingibjörg: Maríu Ósk.

Einar: Ómars.

Hrafnhildur: Þórðar, Arons, Söru og Einars.

K: Saknið þið bara krakkanna í leikskólanum?

Allir: Já.

K: Ekki neins annars?


Allir: Nei.

Teikningar barnanna


Að hausti og aftur að vori voru börnin beðin um að teikna það sem þeim fannst skemmtilegt og það sem þeim fannst leiðinlegt í leikskólanum. Í flestum tilfellum var þetta gert þannig að börnin fengu A4 blað sem búið var að skipta í tvennt og þau áttu að teikna skemmtilega hluti öðrum megin en leiðinlega hinum megin. Ákveðnir kostir eru við það að gefa börnunum tækifæri til að nota teikningu til að tjá skoðanir sínar á leikskólastarfinu. Með því að teikna nota þau annan tjáningarmáta en talað orð auk þess sem leikskólabörn eru von því að teikna og tjá sig á myndrænan hátt. Í ljós kom að þessi aðferð hentaði mun betur eldri börnunum, þar sem þau eru vanari og þjálfðri í að teikna en þau sem yngri eru. Leikskólakennurum elstu barnanna fannst þetta athyglisverð leið til að hlusta á raddir barnanna á leikskólastarfinu. Það reyndist nauðsynlegt að ræða við börnin áður en þau voru beðin um að teikna og oft á tíðum útskýra hugtökin og hvers var ætlast til. Eftir að börnin höfðu teiknað myndirnar var einnig rætt við þau um það sem þau höfðu teiknað og leitað skýringa á hvers vegna þau höfðu valið að teikna þetta. Eins og með öðrum aðferðum þá var mjög einstaklingsbundið hvað börnin sögðu að þeim fyndist skemmtilegt og leiðinlegt og það kom í ljós þegar borið var saman hvað börnin teiknuðu að hausti og vori að áhugamálin höfðu breyst og í engu tilfelli tjáðu börnin að sami hluturinn væri skemmtilegur eða leiðinlegur í bæði skiptin. Taflan hér að neðan sýnir þau viðfangs-efni, leikefni og staði sem börnin nefndu.

SKEMMTILEGT	LEIÐINLEGT
Lita	Samverustund þegar verið er að sussa á mann
Leira	Spila
Teikna 5	Gera piparkökur
Stórir kubbar	Að fara í orminn
Kubbar 3	Dýr
Einingakubbar 2	Dúkkuleikur 4
Púsl	Púðar 2
Spil	Fötin 2
Pinnar	Lesabók 2
Dýr 2	Leika með stafi
Dúkkuleikur 2	Lita
Hlutverkaleikur	Kubbar 2
Bílar	Einingakubbar
Hreyfðvæði 2	Legó 2
Hlusta í hvíldinni	Sofa
Róla	Úti
Renna mér	Tína ber
Leika í kastalanum	Tína kartöflur

Hér á eftir fara dæmi um nokkrar teikningar frá börnunum.



Guðrúnu (5,5) fannst skemmtilegast að teikna og leiðinlegast að spila þegar hún teiknaði þessar myndir um miðjan október síðasta árið sitt í leikskólanum.



Í apríl fannst Magnúsi (6,1) sem var þá fimm ára skemmtilegast að lita og leiðinlegast þegar hann þurfti að hafa hljóð í samverustundinni.




Í október sagði Anna (5,8) að henni finndist skemmtilegt að leika sér í einingakubbunum en leiðinlegt í dúkkuleik.

Skemmtilegt í dúkkum



Leiðinlegt í kubbum



Evu (4,11) fannst skemmtilegast í dúkkuleik en leiðinlegast í kubbum þegar hún teiknaði þessar myndir í október.

Mat foreldra á líðan barnanna í leikskólanum

Til að kanna mat foreldra á líðan barna þeirra í leikskólanum voru útbúnar spurningar sem lagðar voru fyrir foreldrana í reglubundnum foreldraviðtölum sem haldin voru í mars. Eftir að hafa prófað sig áfram með orðalag og spurningar var ákveðið að nota eftirfarandi spurningar:

- Hvernig heldur þú/haldið þið að barninu þínu líði í leikskólanum?
- Hvað vill barnið þitt helst gera heima?
- Hvað heldur þú/haldið þið að barninu finnist skemmtilegast að gera í leikskólanum.
- Hvað heldur þú/haldið þið að barninu finnist leiðinlegast að gera í leikskólanum?

Þegar foreldrarnir voru spurðir hvernig þeir héldu að barninu þeirra líði í leikskólanum þá var áberandi hve svörin voru jákvæð. Svo til allir foreldrarnir sögðu að börnunum líði mjög vel í leikskólanum. Ein móðir hafði áhyggjur af félagslegum tengslum hjá dóttur sinni og önnur móðir sagði að barninu líði betur ef það væri ekki of lengi daglega í leikskólanum.

Þegar spurt var hvað börnin væru helst að fást við heima við kom í ljós að það var mjög fjölbreytilegt. Þau horfðu á sjónvarp (7), léku sér í heimilisleik og hlutverkaleik (11), föndruðu, teiknuðu og máluðu (7), fóru í heimsóknir með foreldrum sínum, í sund gönguferðir og kvikmyndahús svo dæmi séu tekin.

Þegar foreldrarnir voru spurðir hvað þeir teldu að barninu þeirra þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum voru svörin einnig nokkuð fjölbreytt. Flestir nefndu að börnunum þætti skemmtilegast að leika úti (7) og þeir nefndu einnig leiki að ýmsu tagi (7), aðrir nefndu ferðir (3) og tengsl við félagana (4) og enn aðrir fínhyfingar og listgreinar (10) og þrír nefndu hópastarfið, þar af var móðir eins barns sem taldi að það ætti í félagslegum erfiðleikum. Foreldrarnir nefndu mun færri hluti sem þau töldu að börnunum leiddist í leikskólanum. Sjö foreldrar töldu að barninu þætti ekkert leiðinlegt og fjórir voru ekki vissir. Tveir nefndu að barninu þætti leiðinlegt að vera úti og tveir nefndu að barnið væri óánægt ef það lenti í árekstrum eða væri strítt. Eftirfarandi þættir voru nefndir einu sinni; hlýða, hvíldin, matartímar og vinna sem krefst fínhyfinga.

Umræða og mat á verkefninu

Í þessu þróunarverkefni var gengið út frá þeirri hugmyndafræði og sýn á börn að þau hafi bæði rétt á og getu til að tjá sig og láta í ljós skoðanir sínar á málefnum er þau varða. Markmiðin með þróunarverkefninu voru að starfsfólkið skoðaði og ynni með viðhorf sín til barna, getu þeirra og hæfni, að leita leiða til að börnin geti haft áhrif á leikskólastarfíð, að þróa aðferðir til að nota með börnum til að meta leikskólastarfíð og öðlast skilning á því sem börnum finnst um leikskólastarfíð. Með því að hlusta á skoðanir barnanna og taka þær alvarlega var gerð tilraun til að vinna að lýðræði í leikskólastarfinu, færa vald til barnanna (empowering the children) og auka þátt þeirra í ákvarðanatöku.

Í verkefninu voru prófaðar ýmsar aðferðir til að hlusta á sjónarmið barnanna og á þann hátt leitast við að fá fram sjónarmið þeirra allra. Niðurstöðurnar sýna að ólíkum börnum henta ólíkar aðferðir við að tjá sjónarmið sín og börnum á ólíkum aldri henta mismunandi aðferðir. Hópviðtöl gáfust t.d. einkar vel með elsta aldurshópnum, en með yngri börnunum voru einstaklingsviðtöl út frá myndum áhrifaríkari. Mikilvægt er að leikskólakennarar geri sér grein fyrir þessum mismunandi tjáningarmáta barna og hafi á valdi sínu fjölbreyttar aðferðir við að hlusta á sjónarmið þeirra. Þegar niðurstöður athugana og mats barnanna með ólíkum aðferðum voru teknar saman fyrir barnahópin í heild sinni kom í ljós að mikill einstaklingsmunur er milli óska og viðhorfa barnanna. Börnin kjósa ólík viðfangsefni og hafa mismunandi óskir.

Kennararnir sem tóku þátt í þessu verkefni vörðu drjúgum tíma í rúm tvö ár til að prófa sig áfram með aðferðir, velta vöngum um og ígrunda hvernig til hafði tekist. Til að kanna hvernig þeim fannst til hafa tekist voru þeir beðnir að svara eftirfarandi spurningum þegar þróunarverkefninu var formlega að ljúka:

- Hvernig finnst þér hafa tekist til?
- Hvað höfum við gert rétt?
- Hvað höfum við gert rangt?
- Hefur vinnan skilað sér? Hvernig?
- Hver eru næstu skref?

Þegar leikskólakennararnir voru spurðir hvernig þeim hefði fundist hafa tekist til með þróunarverkefnið voru þeir almennt ánægðir með að hafa tekið þátt í verkefninu og töldu sig hafa öðlast dýrmæta reynslu með því að taka þátt í þróunarverkefni. Þeir

sögðust vera ánægðir með að hafa fengið tækifæri til að prófa fjölbreyttar aðferðir til að hlusta á raddir barnanna og sumir nefndu að þeim hafi fundist gott hvað þeir voru óhræddir við að prófa sig áfram, gagnrýna og ígrunda það sem þeir höfðu gert. Þeim fannst verkefnið gefa þeim svigrúm til að hittast reglulega og ræða málin. Kennararnir sögðust líka vera ánægðir með að hafa farið í gegnum svo ítarlegt mat með börnunum og það væri ánægjulegt að sjá að börnunum liði vel í leikskólanum og hefðu gaman af því sem verið væri að gera þar. Fram hefði komið að ólíkar aðferðir hentuðu ólíkum börnum og jafnframt að starfsfólkið hefði ólíkar skoðanir á aðferðunum. Einnig var nefnt að verkefnið hefði skilað sér í breyttum viðhorfum og sýn á börn og starfsfólkið væri orðið meðvitaðra um að hlusta á börnin og fylgjast með þeim. Mikilvægi þess að leggja mat á eigið starf og heyra mat barnanna væri nú mun skýrara í þeirra huga. Einn þeirra sagði: „Vinnan hefur kannski fyrst og fremst skilað sér í meiri heildarsýn á barnið. Með skráningunni ...sem skilaði sér síðan í betur undirbúnum foreldraviðtölum með spurningunum sem við notuðum þar.“

Þegar spurt var hvað hefði mátt gera á annan veg eða hefði ekki tekist sem skyldi nefndu margir leikskólakennaranna að þeim hafi þótt þetta töluvert tímafrek vinna sem þeir höfðu ekki gert ráð fyrir. Þeir töluðu um að þeir hefðu ekki gert sér grein fyrir hvað þetta væri tímafrekt og vildu hafa haft meiri tíma til að vinna með börnunum að verkefninu og einnig enn meiri tíma í umræður. Þeir töluðu líka um að þeim fyndist verkefnið hafa tekið frá öðrum verkefnum sem lágu fyrir í leikskólanum, annað hafi e.t.v. setið á hakanum. Sumir nefndu að þetta hafi verið flókið verkefni í byrjun og starfsfólkið hefði verið töluverðan tíma að koma sér inn í það. Einnig að það hefðu þurft að fara fram meiri umræður daglega milli þeirra sem voru í framkvæmdahópnum. Einnig hefði hópurinn þurft að kynna verkefnið betur fyrir þeim starfsmönnum sem ekki voru formlegir þátttakendur. Einnig var nefnt að starfsmannabreytingar á meðan verkefninu stóð hafi sett strik í reikninginn og að ekki hefðu allir þátttakendur haft jafn mikinn áhuga á verkefninu.

Þegar þróunarverkefni lýkur formlega leita á þær spurningar og vangaveltur hvert muni verða framhaldið og hvernig verkefnið muni nýtast leikskólanum í áframhaldandi starfi. Þegar leikskólakennararnir voru spurðir hvernig þeir sæju framhaldið sögðust þeir þegar vera farnir að nota þær aðferðir dagsdaglega sem þeir hefðu þróað í verkefninu. Margir töluðu um mikilvægi þess að vinna markvisst að því að gera þær aðferðir sem notaðar voru í þróunarverkefninu hluta af daglegu starfi leikskólans og einn nefndi að e.t.v. ætti eftir að prófa nýja nálgun á þær

aðferðir sem ekki gengu upp í verkefninu. Einn leikskólakennarinn sagði t.d.: „Við erum búin að leggja mikla vinnu í að safna upplýsingum og þróa leiðir til að safna upplýsingum og nú þarf að skoða hvernig við ætlum að nota þessar leiðir og þessar upplýsingar“. Og annar sagði: „Vonandi verður ein af niðurstöðunum að starfsfólkið sé búið að tileikna sér víðari sýn á daglegar athafnir barnsins“.

Verkefnið hafði það markmið að auka skilning þátttakenda á mikilvægi þess að hlusta á börn, meðhöndla skoðanir þeirra og viðhorf með virðingu og leita leiða til að hlusta á sjónarmið barnanna. Í framhaldi af þessari vinnu er mikilvægt að starfsfólkið haldi áfram að gaumgæfa hvernig það fer með þær upplýsingar sem börnin veita og mat barnanna á leikskólastarfinu og hvernig og að hvaða marki leikskólastarfið tekur breytingum og þróast í samræmi við hugmyndir barnanna. Peter Moss, Alison Clark og Anne Trine Kjörholt (2005) benda á að með því að hlusta á börn sýnum við þeim virðingu og aukum lýðræði í skólastarfi. Ef við göngum lengra og ekki einungis hlustum, heldur líka túlkum og framkvæmum getur það haft í för með sér róttækar breytingar á skólastarfi og hvernig við hugsum um börn. Að mati kennaranna sem þátt tóku í þróunarverkefninu í leikskólanum Hofi markaði verkefnið mikilvæg spor sem vonandi munu nýtast leikskólasamfélaginu framtíðinni.

Heimildir

- Alderson, P. (2000). Children as researchers. The effect on participation rights on research methodology. Í P. Christensen og A. James (Ritstjórar), *Research with children* (bls. 241-257). New York: Falmer Press.
- Clark, A. (2005). Ways of seeing: Using the Mosaic approach to listen to young children's perspectives. Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (Ritstjórar), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 29-50). Bristol: The Policy Press.
- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau and Rowntree Foundation.
- Clark, A., og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. London: National Children's Bureau.
- Dupree, E., Bertram, T. og Pascal, C. (2001, ágúst). *Listening to children's perspectives of their early childhood settings*. Fyrirlestur á ráðstefnu EECERA, Early Childhood Narratives, Alkmaar, Hollandi.
- Guðrún Kristinsdóttir (1998). *Ótroðnar slóðir*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.
- Jóhanna Einarsdóttir (2003). Þegar bjallan hringir þá förum við inn. *Netla. Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Tekið af vefnum 13. des. 2005 af:
<http://netla.khi.is/greinar/2003/005/prent/index.htm>
- Jóhanna Einarsdóttir (2005). We can decide what to play! Children's perception of quality in an Icelandic playschool. *Early Education and Development*, 16(4), 469-488.
- Katz, L. G. (1999). *Multiple perspectives on the quality of programs for young children*. Springfield: ERIC Document Reproduction Service.
- Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Moss, P., Clark, A. og Kjörholt, A. T. (2005). Introduction. Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (Ritstjórar), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 1-16). Bristol: The Policy Press.
- Reglugerð um starfsemi leikskóla no. 225/1995.*

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* (1997). Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Sheridan, S. og Pramling Samuelsson, I. (2001). Children's conceptions of participation and influence in preschool: A perspective on pedagogical quality. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 2(2), 169-194.
- Wiltz, N. W. og Klein, E. L. (2001). "What do you do in child care?" children's perceptions of high and low quality classrooms. *Early Childhood Research Quarterly*, 16(2), 209-236.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Heildarmynd af mati hvers barns

Spurningar í spili	Myndavélar	Skráning á vali	Leiðsögn	Flokka myndir í skemmtilegt/ leiðinlegt	Teikna myndir af því sem er skemmtilegt/ leiðinlegt	Viðtöl	Foreldraviðtöl

Fylgiskjal 2 – Flokkun valmynda

	Skemmtilegt	Leiðinlegt		Skemmtilegt	Leiðinlegt
Albúm			Rauðadeild		
Bílar			Sjávardýr		
Bláadeild			Skrifstofudót		
Blómakubbar			Smádýr		
Boltar			Snyrtidót		
Bókstafir			Spil		
Bækur			Stafakubbar		
Duplo kubbar			Stóru kubbar		
Dúkkuleikur			Tafl		
Einingakubbar			Teikna		
Fínhreyfingar			Tengikubbar		
Formpúsl			Tilraunadót		
Föt			Tjald		
Grænadeild			Tölustafir		
Guladeild			Tölva		
Gönguferð			Útivist		
Heftari, gatari, skæri			Vatnslita		
Heimilisdót			Vefa		
Hljóðfæri			Venjuleg spil		
Hlusta			Verðlaust efni		
Hlutverkaleikur			Villt dýr		
Hreyfisvæði			Þekjultir		
Hrísgljón			Þræða		
Húsdýr					
Kaplakubbar					
Klessulita					
Klippa og líma					
Krítar					
Landasvæði					
Legókubbar					
Leikskólaleikur					
Leira					
Lest					
Listasmiðja					
Litlir einingakubbar					
Litlir trékubbar					
Líma spýtur					
Læknisdót					
Perlur (plast)					
Perlur (tré)					
Pinnar					
Púsla					

Fylgiskjal 3 – Spurningar í spurningaspili - skráningarform

1. Hvað er best að borða leikskólanum? _____
2. Hvað er vont að borða í leikskólanum? _____
3. Hvaða reglur eru bestar? _____
4. Hvaða reglur eru erfiðastar? _____
5. Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum? _____
6. Hvað er leiðinlegast að gera í leikskólanum? _____
7. Á hvaða stað er best að leika í leikskólanum? _____
8. Á hvaða stað er leiðinlegast að leika í leikskólanum? _____
9. Hvað er skemmtilegast að leika úti? _____
10. Hvar er leiðinlegast að gera úti? _____
11. Settu hendur á höfuð og hoppaðu. _____
12. Klíptu í nefið á þér og segðu voff voff. _____
13. Hoppaðu á öðrum fæti og teldu upp á fimm. _____
14. Klappaðu taktinn í nafninu þínu. _____
15. Klappaðu taktinn í nafninu á mömmu þinni. _____
16. Hvað rímar við hús – bíll – fiskur – skata. _____
17. Hvað eru margir stafir í nafninu þínu? _____
18. Hvar áttu heima? _____
19. Hvað heitir amma þín? _____
20. Hvernig er bíllinn þinn á litinn? _____
21. Hverju mátt þú ráða í leikskólanum? _____
22. Hverju mátt þú ekki ráða í leikskólanum? _____
23. Hvað lærir þú í leikskólanum? _____
24. Hvað gerir fullorðna fólkið í leikskólanum? _____
25. Hvað á fullorðna fólkið að gera í leikskólanum? _____
26. Hvað mátt þú gera í leikskólanum? _____
27. Hvað mátt þú ekki gera í leikskólanum? _____
28. Hvers vegna ertu í leikskóla? _____

Fylgiskjal 4 – Skráning á vali eftir viðfangsefnum

Val			
Albúm		Perlur (tré)	
Bílar		Pinnar	
Bláadeild		Púsla	
Blómakubbar		Rauðadeild	
Bókstafir		Sjávardýr	
Bækur		Skrifstofudót	
Duplo kubbar		Smádýr	
Dúkkuleikur		Snyrtidót	
Einingakubbar		Spil	
Fínhreyfingar		Stafakubbar	
Formpúsl		Stóru kubbar	
Föt		Tafl	
Grænadeild		Teikna	
Guladeild		Tengikubbar	
Gönguferð		Tilraunadót	
Heftari, gatari, skæri		Tjald	
Heimilisdót		Tölustafir	
Hljóðfæri		Tölva	
Hlusta		Útivist	
Hlutverkaleikur		Vatnslita	
Hreyfisvæði		Vefa	
Hrísgrjón		Venjuleg spil	
Húsdýr		Verðlaust efni	
Kaplakubbar		Villt dýr	
Klessulita		Þekjultir	
Klippa og líma		Þræða	
Krítar			
Landasvæði			
Legókubbar			
Leikskólaleikur			
Leira			
Lest			
Listasmiðja			
Litlir einingakubbar			
Litlir trékubbar			
Líma spýtur			
Læknisdót			
Perlur (plast)			

